

90

16. maí

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 40 auru fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burtu innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim.

Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

35. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

36. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarnefnd ákveður í hvert sinn.

37. gr.

Vélbátar — minni en 12 smálestir brúttó — greiði í hafnargjald, bryggjugjald og ljósagjald 40 krónur í hvert sinn, sem þeir koma til hafnar.

Vélbátar með þilfari, sem eiga heima á staðnum, greiði frá 300—1000 króna árlegt gjald. Opnir vélbátar frá 100—500 kr. Róðrabátar frá 30—100 kr.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 220 8. desember 1943, reglugerð nr. 73 12. maí 1948 og reglugerð nr. 132 30. júní 1950, allar um breytingar á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurbætur, nr. 121 7. desember 1935.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. maí 1951.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

91

17. maí

REGLUGERÐ

um veðlán úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

1. gr.

Heimilt er að veita sjóðfélögum lán úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, einkum til þess að leysa húsnæðisþörf þeirra.

2. gr.

Lán þau, sem ræðir um í 1. gr., skulu jafnan tryggð með 1. veðrétti í fasteign, og skal hámark hvers einstaks láns miðast við virðingarverð hinnar veðsettu eignar, þannig að lánsupphæðin fari aldrei fram úr 35% af virðingarverðinu.

3. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins lætur, á kostnað lántakanda, framkvæma virðingu á fasteignum þeim, er veðsetja á fyrir lánum úr sjóðnum. Nú er hið væntanlega veð húseign, sem eigi er eldri en tveggja ára, og má þá miða hámark láns við kostnaðarverð hússins, samkvæmt 2. gr., án virðingar.

4. gr.

Lántakandi greiðir árlega jafnháa vexti af skuld sinni, sem greiddir eru á hverjum tíma af lánum úr veðdeild Landsbankans, að viðbættum $\frac{1}{2}$ % af skuldinni. Lánin endurgreiðast með jöfnum fjárgreiðslum vaxta og afborgana ár hvert.

5. gr.

Á lánum, sem veitt eru gegn veði í húsum yngri en tveggja ára, er hámark lánstímans 35 ár. Ella skal lánstíminn vera skemmri og ákveðinn hverju sinni af stjórn lífeyrissjóðsins með hliðsjón af aldri hins veðsetta húss.

6. gr.

Lánum, er lífeyrissjóður veitir, má stjórn hans eigi segja upp meðan lántakandi fullnægir að öllu leyti skyldum þeim, er hann hefur undirgengið. En ef ákvæðisgjöld hans eigi eru greidd á réttum gjalddaga eða ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur fulltryggjandi eftir því, sem ákveðið er, eða haldi lántakandi ekki váttryggðum húseignum, er að veði eru, eða verði veðsett eign eign annars en lántakanda eða maka hans, má stjórn lífeyrissjóðsins segja láninu upp með tveggja mánaða fyrirvara, til greiðslu á næsta gjalddaga.

Nú hættir lántakandi að vera sjóðfélagi og greiðir hann þá frá þeim tíma 6% ársvexti af skuld sinni.

Fjármálaráðuneytið, 17. maí 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

REGLUGERÐ

um jarðrækt.

I. KAFLI

Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða ríkisframlag er veitt til samkv. jarðræktarlögum og reglugerð þessari.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með reglugerð þessari annast búnaðarmálastjóri með aðstoð jarðræktarráðunauta félagsins, héraðsráðunauta og mælingarmanna búnaðarsambandanna undir umsjón félagsstjórnarinnar.

4. gr.

Héraðsráðunautar í jarðrækt skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum hver á sínu starfssvæði, þar á meðal:

- a. að veita bændum og öðrum, er jarðyrkju stunda, aðstoð við að undirbúa ræktunarframkvæmdir og gera áætlanir um þær;